

MINNISBLAÐ

Verkefni:
Almannavarnir - Grindavík

Lykill:
3400-001-MIN-026-V02

Dagsetning:
28.10.2024

Viðtakandi:
Framkvæmdanefnd um málefni Grindavíkur

Staða:
ÚTGEFIÐ

Sendandi:
Böðvar Tómasson, Kristín
Rós Hlynsdóttir

Efni:
Upplýsingar fyrir ferðapjónustuaðila

INNGANGUR

Mánudaginn 21. október 2024 var Grindavíkurbær hindrunarlaust öllum frá kl. 06:00. Áhættumat hefur verið framkvæmt í samræmi við lög nr. 40/2024 um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ (FUMG). Almannavarnarstig Ríkislögreglustjóra er á óvissustigi vegna jarðhræringa á Reykjanesi.

Á- vefsíðu Almannavarna er óvissustig skilgreind sem eftirfarandi:

Óvissustig einkennist af atburðarás sem er hafin og ætla má að geti leitt til þess að öryggi fólks og/eða byggðar sé stefnt í hættu. Á þessu stigi hefst samráð milli almannavarna og þeirra stofnana sem málið varðar. Athuganir, rannsóknir, vöktun og mat er aukið. Atburðurinn er skilgreindur og hættumat framkvæmt reglulega til að meta stöðuna hverju sinni.

Í 11. gr. laga um Ferðamálastofu 96/2018 segir:

- Hver sá sem hyggst framkvæma skipulagðar ferðir innan íslensks yfirráðasvæðis ber ábyrgð á því að útbúa skriflega öryggisáætlun fyrir hverja tegund ferðar, óháð því hvort viðkomandi selur ferðina beint til ferðamanns eða með milligöngu annars aðila. Öryggisáætlun skal ávallt vera til skrifleg á íslensku og ensku. Óheimil er að bjóða til sölu, kynna eða miðla á nokkurn hátt slíkum ferðum ef öryggisáætlun liggur ekki fyrir. Öryggisáætlun felur í sér áhættumat, verklagsreglur, viðbragðsáætlun og atvikaskýrslu.
- Áhættumat felur í sér mat á hugsanlegri áhættu tiltekinnar ferðar og skulu þátttakendur upplýstir á greinargóðan hátt um helstu áhættuþætti. Við skipulagningu ferðar skal áhættumat lagt til grundvallar við val á starfsmönnum, svo sem leiðsögumönnum, við tímasetningu ferðar, mat á ytri aðstæðum, val á tækjakosti o.s.frv.
- Verklagsreglur skulu taka mið af áhættumati ferðar. Í þeim skulu m.a. koma fram upplýsingar um þekkingu, reynslu og kunnáttu starfsmanna sem annast ferðina og hvernig skuli bregðast við ef vá ber að höndum, þ.m.t. um hvernig fjarskiptum skuli háttað.

- Viðbragðsáætlun skal taka mið af áhættumati og skal hún fela í sér lýsingu á viðbrögðum sem grípa skal til þegar hætta steðjar að eða slys verður.
- Atvikaskýrsla felur í sér upplýsingar um atvik, þá sem lentu í viðkomandi atviki og hvernig brugðist var við tilteknu atviki.
- Sá sem býður upp á skipulagðar ferðir innan íslensks yfirráðasvæðis ber ábyrgð á að uppfæra öryggisáætlun sína reglulega og jafnskjótt og tilefni er til.
- Ferðamálastofa hefur eftirlit með því að öryggisáætlanir séu til staðar og séu uppfærðar eins og þörf er á. Ferðamálastofu er heimilt að kalla eftir öryggisáætlun. Ef öryggisáætlun reynist bersýnilega ófullnægjandi eða ekki hefur verið útbúin öryggisáætlun skal Ferðamálastofa veita aðila kost á að bæta úr innan hæfilegs frests sem skal að lágmarki vera 14 dagar. Ef aðili bætir ekki úr innan frestsins er Ferðamálastofu heimilt að leggja á dagsektir skv. 20. gr. þar til úr er bætt.
- Í reglugerð er heimilt að kveða nánar á um form og innihald öryggisáætlunar og um framkvæmd við yfirferð og eftirfylgni með öryggisáætlunum.

Í þessu minnisblaði verður farið yfir upplýsingar varðandi öryggisráðstafanir í Grindavík, ógnir og mótvægisáðgerðir til stuðnings ferðaþjónustuaðila við gerð öryggisáætlana, áhættumats, verklagsreglna og viðbragðsáætlana vegna mögulegra ferða til Grindavíkur.

ÁHÆTTUMAT FYRIR OPNUN GRINDAVÍKUR

Niðurstöður áhættumats fyrir opnun Grindavíkur sem unnið var fyrir FUMG sýna að áhættustig fyrir viðveru barna í Grindavík er metin sem óásættanleg þar sem ekki eru nægilegar varnir til að tryggja öryggi barna. Börn eiga því ekki að vera eftirlitslaus í bænum. Áhættustig fyrir ferðamenn er metið sem mjög hátt þar sem óvissa ríkir um m.a. virkni öryggismerkinga, fjölda og dreifingu fólks í bænum, umferðarálags, viðbragðs og framvindu við rýmingu. Fyrir gistingu er áhættustig metið sem hátt þar sem óvíst er með upplýsingaflæði til fólks í bænum, styrk viðbragðsaðila og skilvirkni rýmingar.

Í áhættumatinu hefur óvissa áhrif á niðurstöðu matsins þar sem bæði er óvissa í líkum á atburði, virkni varna og mögulegum afleiðingum. Óvissuna er reynt að lágmarka með mótvægisáðgerðum, en hluti mótvægisáðgerða er áhættumat, verklagsreglur og viðbragðsáætlun ferðaþjónustuaðila. Því er ábyrgð ferðaþjónustuaðila mikilvægur hlekkur í að tryggja bætt öryggi ferðafólks.

Á vefsíðu Vakans (www.vakinn.is) sem unnin er af Ferðamálastofu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands má finna leiðbeiningar um gerð öryggisáætlana, sem innifela gerð áhættumats, verklagsreglna, viðbragðsáætlana og atvikaskýrslu.

Í eftirfarandi köflum verður farið yfir mikilvæg atriði út frá heildar áhættumati svæðisins, sem nauðsynlegt er að taka tillit til við gerð ofangreindra atriða. Ekki má líta svo á að engar aðrar ógnir geti verið til staðar og því mikilvægt að ferðaþjónustuaðilar geri eigið áhættumat m.t.t. áhættumats svæðisins, út frá eigin reynslu og áætlunum. Þá eru einnig almenn dæmi sýnd í riti Vakans, Öryggisáætlanir í ferðaþjónustu frá 2013.

NÚVERANDI ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

Framkvæmdar hafa verið mótvægisáðgerðir til að auka öryggi fólks í Grindavík sem felast m.a. í kortlagningu og hættumati á sprungum út frá jarðkönnun, álagsprófanir á gatnakerfinu, fyllt í minni sprungur og þau

hættulegu svæði sem komið hafa í ljós verið afmörkuð með öryggisgirðingum ásamt merkingum. Viðvörðunarskilti og öryggismerkingar hafa verið sett upp til þess að við hættusvæðum, þá hefur verið komið upp flóttaleiðamerkingum við helstu stofngötur. Enn er hætta til staðar á jarðfalli ofan í sprungur, sérstaklega við opin svæði sem ekki hafa verið skoðuð. Einnig er hætta á frekari jarðhræringum sem eykur óvissu á svæðinu. Jarðhræringum í og við Grindavík er ekki lokið.

Mikilvægt er að fólk átti sig á því að ákveðin óvissa er til staðar varðandi jarðkönnun og lokanir, því ekki hægt að fullyrða að allar sprungur eða hættusvæði hafi komið í ljós og séu þar með merkt. Þar með geta verið til staðar hættur sem eru ómerktar og ekki afgirtar.

Einnig er vert að taka fram að girðingar eru ekki klifurheldar fyrir börn og er því mjög mikilvægt að fylgst sé með börnum.

Því er afar mikilvægt að fólk fari með ítrustu aðgát um svæðið, fylgi fyrirmælum og ásamt því að vera upplýst um hvaða hættur eru til staðar, geti verið til staðar og hvernig skuli bregðast við í neyðartilfellum.

Merkingar eru með myndum og einföldum texta á ensku en möguleiki er fyrir hendi að þær gagnist ekki öllum t.d. vegna útfærslu, tungumálakunnáttu og staðsetningar upplýsingarskilta.

Gert er ráð fyrir að virkt öryggiseftirlit verði í bænum allan sólahringinn en slökkvilið og sjúkraflutningar eru ekki með fasta viðveru innan bæjar að næturlagi. Því þarf að taka tillit til þess að um skerta viðbragðsgetu er að ræða.

RÝMING OG LOKANIR SVÆÐISINS

Niðurstaða áhættumatsins getur gefið ástæðu til að loka þurfi svæðinu og því jafnvel með stuttum fyrirvara. Ef almannavarnastígur Almanna- og Óvissustígsins fer af óvissustigi á hættustigi er það fyrirvari um hugsanlega lokun.

Rýming er boðuð með SMS skilaboðum og viðvörðunarflautum í Grindavík.

Í rýmingu skal fylgja eftirfarandi:

- Fylgið fyrirmælum
- Farið strax út í bifreið
- Akið varlega næstu flóttaleið út úr bænum.

Almannavarnaflautur eru prófaðar síðasta miðvikudag hvers mánaðar kl. 11.

ÖRYGGISÁÆTLANIR FERÐAÞJÓNUSTUAÐILA

Öryggisáætlanir skulu vera gerðar fyrir allar skipulagðar ferðir, nauðsynlegt er að meta hvaða ógnir séu til staðar vegna ferðarinnar og hve alvarlegar afleiðingar atburðir geti leitt af sér. Þá er nauðsynlegt að greina hvernig megi lágmarka líkur á því að hættur skapist vegna ógna og hvernig draga megi úr afleiðingum.

ÁHÆTTUMAT FERÐAÞJÓNUSTUAÐILA

Við gerð á áhættumati þarf að taka tillit til hvaða breytingar hafa átt sér stað innan Grindavíkurbæjar, en víða hafa myndast opnar sprungur í jörðinni. Þá er opið aðgengi að nýlegu hrauni víða sem varasamt getur verið að ganga að. Eftirfarandi er listi á atriðum sem nauðsynlegt er að taka tillit til í gerð áhættumats vegna ferða til Grindavíkur:

- Möguleiki er á að sprungur séu í jarðvegi sem ekki hafa komið í ljós við jarðkönnun og því ekki búið að merkja þær eða loka. Dæmi eru um að aðeins lítil teikn sjáist á yfirborði þar sem djúpar sprungur leynast undir.
- Lokun hættusvæða, t.d. við stórar opnar sprungur eru með bráðabirgða lokunum og ekki fullvíst að þær séu barnheldar, þá er einnig óvissa í útfærslu hættusvæða og því aldrei hægt að vera fullviss um að öryggi sé tryggt.
- Einkalóðir hafa ekki allar verið hættumetnar og því möguleiki á að sprungur séu til staðar.
- Malbik getur gefið eftir undan bifreiðum og mögulegt að festa ökutæki í sprungu.
- Ganga á varnargörðum er hættuleg vegna hæðar þeirra og stórgrýtis.

Eftirfarandi er listi yfir mögulega atburði sem m.a. voru teknir fyrir í áhættumati fyrir svæðið í heild sinni og nauðsynlegt er að taka tillit til við gerð áhættumats fyrir skipulagðar ferðir til Grindavíkur.

Börn án eftirlits:

- Barn kemst inn á aflokað hættulegt svæði
- Barn á sprungusvæði utan þéttbýlis
- Börn að leik á opnum svæðum með sprungum
- Barn týnist

Ferðafólk í hættu:

- Ferðamaður kemst inn á aflokað hættulegt svæði
- Aukin umferð veldur aukinni hættu á slysum
- Troðningur fólks veldur aukinni hættu á slysum
- Ökutæki lendir í sprungu
- Óvarinn rafbúnaður t.d. í skurðum/rafmagnskösum
- Gasmengun yfir hættumörkum
- Hitavatnsleki vegna jarðhreyfinga

Gisting í bænum:

- Fólk þekki ekki viðbrögð við hættu

- Hrun mannvirkja og hluta
- Ferðafólk gistir í bílum í Grindavík
- Ökutæki ónothæft við rýmingu
- Eldsvoði á gististað

VERKLAGSREGLUR FERÐAÞJÓNUSTUAÐILA

Verklagsreglur byggja á áhættumati og þarf öryggisbúnaður að vera til staðar í samræmi við niðurstöðu áhættumatsins. Skilgreina þarf hvaða þekkingu, reynslu og kunnáttu starfsfólk þarf að hafa til þess að lágmarka líkur á röngum leiðbeiningum til ferðafólks og tryggja rétt viðbrögð við neyðartilfellum.

Ferðaþjónustufólk þarf að þekkja flóttaleiðir, þekkja helstur hættur og viðbrögð (s.s. fallhættu, jarðhræringa) ásamt því að þekkja ferli rýmingar.

Fyrir ferð þarf starfsfólk að upplýsa sig um skipulag á svæðinu, mögulegar hættur, hvernig bregðast eigi við neyðartilfellum, veðurfar ásamt því að fylgjast með hættumati Veðurstofu Íslands.

Aðstæður geta breyst hratt og er því mælt til að bifreiðar séu ávallt nálægt ef rýma þarf bæinn.

Eftirfarandi er listi yfir öryggismál sem ætti að koma á framfæri til ferðafólks:

- Grindavíkurbær er ekki staður fyrir börn og eiga því börn alls ekki að vera eftirlitslaus í bænum
- Fylgið skal leiðbeiningum, aðvörunum og merkingum á svæðinu
- Ekki má fara inn fyrir afgirt og lokuð svæði
- Ekki raska eða skemma innviði og eignir, svo sem girðingar eða merkingar
- Haldið ykkur á göngustígum og götum
- Rýming er boðuð með SMS skilaboðum og viðvörunarflautum í Grindavík. Hafa skal síma á hárrí hljóðstillingu.
- Kynnið ykkur flóttaleiðir
- Neyðarnúmer er 1-1-2

Allir sem fara inn í Grindavík eru á eigin ábyrgð og þurfa að bera ábyrgð á eigin athöfnum.

VIÐBRAGÐSÁÆTLANIR FERÐAÞJÓNUSTUAÐILA

Taka þarf tillit til uppbyggingar á þjónustu viðbragðsaðila innan Grindavíkurbæjar, en skert þjónusta slökkviliðs og sjúkraflutninga hefur verið að næturlagi. Þá eru meðlimir staðbundinnar björgunarsveitar að stærstum hluta búsettir í öðrum sveitarfélögum og því lengdur viðbragðtími.

Viðbragðsáætlanir ættu einnig að taka tillit til mögulegrar rýmingar og því nauðsynlegt reyna miða áætlanir við að rýming geti haldið áfram ef til hennar kemur á meðan atvik á sér stað.